

Landsnet hf.
Bt. Árna Jóns Elíassonar
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík 9. janúar 2020
UST201910-335/A.B.G.
08.30.02

Efni: Eyjafjarðará - Umsókn um tímabundið leyfi - Breytingar á vatnshloti

Vísað er til bréfs Landsnets hf. dagsett 25. október 2019, þar sem óskað er eftir tímabundnu leyfi til breytinga á vatnshloti í Eyjafjarðará skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir erindi Landsnets. Með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðarramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er kveðið á um í 12. gr. að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki.


Samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála getur Umhverfisstofnun heimilað breytingar á vatnshlotum sem hafa í för með sér að ekki er hægt að ná umhverfismarkmiðum fyrir umrætt vatnshlot. Unnið er nú að því að innleiða stjórn vatnamála. Verið er að vinna að því að flokka vatn á Íslandi og greina ástand þess. Eyjafjarðará er vatnshlot nr. 102-1649-R undir stjórn vatnamála. Stefnt er að því að gefa út fyrstu vatnaáætlun Íslands árið 2021 og að hún taki gildi með staðfestingu ráðherra í upphafi árs 2022. Með staðfestingu ráðherra á vatnaáætlun virkjast ákvæði fyrrnefndrar 18. greinar um heimild Umhverfisstofnunar.

Í álitni Skipulagsstofnunar dags. 19. september 2019 segir að framkvæmd við lagningu Hólasandslínu 3 hafi áhrif á vatnalíf þar sem farvegi Eyjafjarðarár verður raskað tímabundið við lagningu jarðstrengs. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki talið mikilvægt búsvæði laxfiska. Gera má ráð fyrir að grugg þyrlist upp í ánni og jafnframt í ám þar sem efnistaka er áformuð í farvegi hliðarár. Valkostir sem fela í sér lagningu strengja með borun undir farveg Eyjafjarðarár og Laxár ættu ekki að hafa áhrif á lífríki ánnu ef ekki fylgja önnur áhrif frá framkvæmdinni meðan á borun stendur og komið er í veg fyrir að borsvarf eða önnur efni berist í vatnið.

Að teknu tilliti til áformaðra mótvægisáðgerða telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmda við Hólasandslínu á vatnalíf verði tímabundin og óverulega neikvæð.

Umhverfisstofnun telur í ljósi þess sem fram hefur komið að framkvæmdin sem hér um ræðir sé ekki leyfisskyld til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Verkefnisstjóri vatnamála


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri